

## Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 111

5. mars 2021

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði MB föstudaginn 30. mars 2021 kl. 8:30. Mættir: Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, Hrefna B. Jónsdóttir og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Í fjarfundarbúnaði mættu Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir og Helgi Haukur Hauksson. Gestir fundarins eru Páll Snævar Brynjarsson og Signý Óskarsdóttir.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### 1. Fundur settur

Formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

### 2. Fundargerðir fyrri funda bornar upp til samþykktar

Engar athugasemdir bárust við fundargerðir frá fundum nr. 108 og 109 og voru þær undirritaðar.

### 3. Skólaakstur

4. Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV var gestur fundarins og kynnti vinnu er varðar skólaakstur og samþættingu við almenningssamgöngur á svæðinu. Verkefnið er unnið í samstarfi við VSÓ ráðgjöf. Páll fór yfir í tillögu að leiðarkerfi fyrir almenningssamgöngur á Borgarfjarðarsvæðinu. Umræður í kjölfarið um leiðarkerfið, auk þess sem rætt var um kynningu á verkefninu. Páll kynnti að framundan eru fundir með Vegagerðinni og Borgarbyggð um afstöðu þeirra til verkefnisins. **Menntun fyrir störf framtíðarinnar**

Gestur fundarins var Signý Óskarsdóttir frá Creatrix sem verkefnastjóri starfshóps MSF. Signý fór yfir vinnuna sem nú hefur farið fram í verkefninu. Signý kynnti næstu skref í vinnuferlinu, og gert er ráð fyrir að útkoma verkefnisins verð kynnt í lok apríl. Það er þó sett fram með fyrirvara vegna sóttvarnaraðgerða.. Umræður fóru fram í kjölfarið. Signý er þökkud vönduð og vel unnin störf við verkefnið.

### 5. Starfsemi MB

Skólameistari fór yfir skólastarfið almennt og eftirfarandi mál;

- Kynningar/innritun

Sóknarfæri liggja m.a. á Akranesi og nágrenni. Kynningarstarf var erfiðara vegna heimfaraldursins. Búist er við að færri nýnemar verði á haustönn, vegna minni árgangs.

- Félagslíf

Nemendafélagið í MB á hrós skilið fyrir að hafa staðið fyrir félagslífi við erfiðar aðstæður. Mikið áfall að hafa þurft að fresta árshátíð. Hægt var að fara í skíðaferð sem heppnaðist mjög vel. Minni viðburðir voru haldnir sem gengu vel, en covid19 setur strik í reikninginn. Leikfélag í bígerð og ný ritstjórn fyrir næsta tölublað Eglu tekin til starfa.

- Aðalfundur MB

Lagt til að hafa hádegisfund þann 27. apríl næstkomandi í húsnæði skólans og var það samþykkt. Fundarboð verður sent á alla hluthafa MB. Ákveðið að halda dagsetningunni, og bregðast við ef sóttvarnaraðgerðir kalla á slíkt.

- Almennur rekstur

Rætt um starfsmannamál og breytingar á starfsmannahaldi skólans. Rafíþróttanámskeið í bígerð með haustinu. Samstaf við Símann heldur áfram í haust. Ánægja ríkir hjá báðum aðilum með verkefnið, og fyrsti nemandinn í verkefninu útskrifast með stúdentspróf nú í vor.

- Háskólinn á Bifröst

Rætt um samstarf og samtal um háskólagáttina á Bifröst.

## **6. Nemendagarðar**

Stjórn fór í heimsókn að Borgarbraut 59 (Hotel B59) og skoðaði aðstöðuna m.t.t. hugsanlegra nýtingu fyrir nemendagarða. Ákveðið að taka umræðu um málefnið á næsta stjórnarfundum MB.

## **7. Önnur mál**

Engin önnur mál voru tekin til umræðu.

Fleira var ekki gert og fundir slitið klukkan 11:27.